



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Uppsetning Útskriftarnemar úr ýmsum deildum voru önnum kafnir við að setja upp verk í Hafnarhúsinu í gær.

Mörkin þanin

● Útskriftarsýning BA-nema í arkitektúr, hönnun og myndlist og MA-nema í hönnun við LHÍ opnuð í dag

Af ásettu ráði er titill útskriftarsýningar BA-nema í arkitektúr, hönnun og myndlist og MA-nema í hönnun og arkitektúr við Listaháskóla Íslands sem opnuð verður í dag í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi. Sýna BA-nemarnir útskriftarverk sín í námi í myndlist, vöruhönnun, fatahönnun og grafískri hönnun og MA-nemarnir útskriftarverk í hönnun og arkitektúr.

Sýningarstjórar eru Birgir Örn Jónsson, Signý Þórhallsdóttir og Una Björg Magnúsdóttir og segir í texta þeirra um sýninguna á vef skólans að það að finna hugmyndum sínum farveg sé óvissuferðalag sem krefjist hugrekkis og áræðis.

„Leiðin er sjaldnast vel stikuð og áfangastaðurinn er á sífelldri hreyfingu, ef hann er yfirhöfuð fyrir hendi. Þetta gerir ferðina þó þeim mun æsilegri. Mörk eru þanin og nýjar slóðir kannaðar. Forvitni, útsjónarsemi og einskær ásetningur nemenda hafa nú leitt þá að þessum mikilvægu tímamótum, eftir nám

sem hefur veitt þeim fjölbreytt tækifæri til að kanna hugmyndir og þróa færni,“ segir í texta sýningarstjórnanna.

Segir einnig að sýningin sé uppskeruhátíð yfir sjötíu nemenda og efnistökin því margvísleg og nálgun hvers og eins einstök. „Hér má finna ilmandi bókverk, landsliðsbúninga fyrir nýjar íþróttir, rottu í leit að osti lífsins, hljóðspegil og fullkomið augnablik. Eins er fjallað um skynjun í geimnum, leitina að ástinni, myndbirtingu ofhugsunar og leiðir til að endurnýta gerviefni. Önnur verk leita að nýjum litheimum, gefa okkur innsýn inn í sögur sjómanna og velta upp hugmyndum um nýja byggð í Viðey,“ segir um einstök verk.

Efniskennd áberandi

Una Björg Magnúsdóttir hlaut hvatningarverðlaun Íslensku myndlistarverðlaunanna í ár fyrir sýninguna *Mannfjöldi hverfur sporlaust um stund* í Hafnarhúsi og snýr nú

aftur í sinn gamla skóla, LHÍ, sem sýningarstjóri myndlistarhluta útskriftarsýningarinnar. Hún er spurð hvernig sé að snúa aftur í því hlutverki. „Það er bara mjög skemmtilegt. Ég hef verið tæknimaður á safninu líka og hef því verið í kringum þetta síðustu árin í öðru hlutverki. En það er mjög gaman og maður þarf að minna sig á að þetta er allt nýtt, að þau eru að gera marga í fyrsta skipti,“ segir hún um hlutverkið og nemendur. Verk þeirra séu ólík og kúnst að púsla öllu saman í fjölmenna samsýningu.

Una segir sterka efniskennd einkenna verk útskriftarnema í myndlistinni að þessu sinni. „Þau taka inn handverk og það er rosaleg djúsi efniskennd í gangi sem er mjög spennandi,“ segir hún og nefnir sem dæmi blekteikningar, hekl, gyllingu og steypa skúlptúra. „Það er verið að sækja í gamla miðla og nota með nýjum hætti,“ segir Una og að það sé virkilega spennandi.
helgisnaer@mbl.is